

Hópuppsagnir í desember 2018 og á árinu 2018


Hópuppsagnir í desember 2018

Þrjár tilkynningar um hópuppsagnir bárust Vinnumálastofnun í desember 2018 þar sem 269 manns var sagt upp störfum, 149 manns í flutningum og 120 í framleiðslu. Af þessum 269 manns sem sagt var upp störfum voru 231 á höfuðborgarsvæðinu og 38 á Suðurlandi.

Tilkynningar á árinu 2018


Á árinu 2018 bárust Vinnumálastofnun 15 tilkynningar um hópuppsagnir, þar sem 864 manns var sagt upp störfum. Flestir hafa misst vinnuna í flutningum, 393 eða um 45% allra hópuppsagna, í iðnaðarframleiðslu 266, eða um 31% og 151 í fiskvinnslu eða um 17%.

Mynd 1
Tilkynntar hópuppsagnir eftir atvinnugreinum á árinu 2018




Um 51% tilkynntra hópuppsagna á árinu 2018 voru á höfuðborgarsvæðinu, um 34% á Suðurnesjum, um 11% á Suðurlandi, um 3% á Vesturlandi og um 1% Vestfjörðum. Mynd 2 sýnir skiptingu tilkynntra hópuppsagna á landshluta.

Mynd 2
Skipting hópuppsagna eftir landshlutum á árinu 2018



Á mynd 3 má sjá að 319 þeirra hópuppsagna sem tilkynnt var um á árinu 2018 komu til framkvæmda á því ári en 545 hópuppsagnanna á árinu 2018 koma til framkvæmda á árinu 2019.

Mynd 3
Hvenær hópuppsagnir sem tilkynntar voru árið 2018 koma til framkvæmda



Í töflu 1 má sjá hvernig hópuppsagnir sem tilkynntar voru á árinu 2018 dreifðust á mánuði og hve mörgum var sagt upp í hverjum mánuði með hópuppsögnum.

Tafla 1. Hvenær tilkynningar um hópuppsagnir á árinu 2018 bárust


	Uppsagnir		Tilkynningar	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
jan.	146	16,9%	2	13,3%
feb	0	0	0	0
mars	0	0	0	0
apríl	53	6,1%	2	13,3%
maí	89	10,3%	3	20,0%
júní	29	3,4%	1	6,6%
júlí	0	0	0	0
ágúst	0	0	0	0
sept.	45	5,2%	2	13,3%
okt.	0	0	0	0
nóv.	233	27,0%	2	13,3%
des.	269	31,1%	3	20,0%
<i>Alls</i>	<i>864</i>	<i>100%</i>	<i>15</i>	<i>100,0%</i>

Hópuppsagnir sem komu til framkvæmda á árinu 2018

Alls komu 514 hópuppsagnir til framkvæmda á árinu 2018, 195 úr tilkynningum sem bárust á árinu 2017 og 319 úr tilkynningum sem bárust á árinu 2018. Á mynd 4 má sjá hve margar hópuppsagnir komu til framkvæmda í hverjum mánuði á árinu 2018.

Mynd 4

Hópuppsagnir sem komu til framkvæmda á árinu 2018 úr tilkynningum sem bárust í lok árs 2017 og á árinu 2018



Hópuppsagnir síðustu ár

Samtals hefur 11.514 manns verið sagt upp í hópuppsögnum á 11 árum. Flestir misstu vinnuna á þriggja mánaða tímabili frá desember 2008 til febrúar 2009 og svo næstu 3 mánuði þar á eftir.

Mynd 5 sýnir þróun fjölda tilkynntra hópuppsagna árin 2008 til 2018.

Mynd 5
Fjöldi tilkynntra hópuppsagna eftir árum 2008-2018

